

## SAMÞYKKT

### um kattahald í Hveragerðisbæ.

#### 1. gr.

Kattahald í lögsagnarumdæmi Hveragerðisbæjar sætir þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í samþykkt þessari.

#### 2. gr.

Samþykkt þessi er gerð til að stuðla að því að eigendur og umráðamenn katta fari vel með ketti og tryggi þeim góða vist, sjái til þess að þeir lendi ekki á flækingi eða valdi nágrönnum óþægindum. Kötturinn skal skráður á skrifstofu Hveragerðisbæjar og þar fær eigandi kattarins afhenta númeraða plötu fyrir ól um háls kattarins þar sem fram kemur nafn og númer kattar, heimilisfang og símanúmer eiganda. Ennfremur skal eigandi eða umráðamaður kattar láta auðkenna hann varanlega með húðflúri í eyra eða örmerki í samræmi við 4. gr. reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni. Skrá skal slíkt merki við skráningu kattarins. Óleyfilegt er að halda kött þar sem enginn býr.

#### 3. gr.

Leyfilegt er að hafa einungis 2 ketti á hverju heimili nema viðkomandi sé ræktandi og þá þarf hann að skrá sig sérstaklega sem slíkur á bæjarskrifstofum. Ræktendum katta er skylt að fara eftir reglugerð 1077/2004 og afla tilskilinna leyfa skv. því.

#### 4. gr.

Umráðamanni er skylt að sjá til þess að vel verði farið með kött hans, sbr. ákvæði dýraverndarlaga nr. 15/1994 og reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni.

#### 5. gr.

Ef köttur veldur nágrönnum eða öðrum ónæði, óþrifum eða tjóni, þá ber eiganda eða forráðamanni að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt. Foreldrar eru ábyrgir fyrir köttum ólögráða barna sinna.

#### 6. gr.

Alla ketti skal merkja með ól um hálsinn, eða á annan sambærilegan hátt, þar sem fram koma upplýsingar um eiganda, heimilisfang og símanúmer.

#### 7. gr.

Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, t.d. með því að hengja bjöllu á ketti og eftir atvikum að takmarka útiveru kattanna.

#### 8. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að banna eða takmarka rétt viðkomandi til að halda kött ef fyrir liggja ítrekaðar kvartanir um ónæði eða hættu sem kötturinn er sannanlega valdur að og eiganda eða umráðamanni tekst ekki að komast fyrir það sbr. 4. gr.

9. gr.

Um kattahald í fjölbýlishúsum vísast til ákvæða laga um fjöleignarhús nr. 26/1994.

10. gr.

Umráðamanni kattar er skylt að láta ormahreinsa kött sinn árlega og ber hann allan kostnað af hreinsun hans. Skylt er að hreinsa alla ketti fjöggra mánaða og eldri. Umráðamanni er skylt að geyma hreinsunarvottorð í þrjú ár og framvísa því við eftirlitsaðila ef óskað er.

11. gr.

Ef köttur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna köttinn. Dýraeftirlitsmanni er heimilt að handsama ketti. Sé kötturinn merktur skal hann hafa tafarlaust samband við viðkomandi og láta vita um veru kattarins. Hafi kattarins ekki verið vitjað innan einnar viku skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda eða hann aflífaður.

12. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari, valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

13. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 620/2001 um kattahald í Hveragerði.

*Umhverfissráðuneytinu, 7. júní 2007.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

\_\_\_\_\_  
*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*